



SUÐURNESJABÆR

Reglur Íþróttá- og afrekssjóðs Suðurnesjabæjar

Markmið Íþróttá- og afrekssjóðs er að styðja við íþróttafólk í Suðurnesjabæ sem náð hefur framúrskarandi árangri í sinni grein og hefur hlotið þann heiður að vera fulltrúi íslenskra landsliða í keppni á erlendri grundu, en þekkt er að töluverður kostnaður getur hlotist af þátttöku á slíkum mótum og verkefnum og er sjóði þessum ætlað að leggja því íþróttafólki lið.

1. grein

Sjóðurinn heitir Íþróttá- og afrekssjóður Suðurnesjabæjar og er í vörslu íþróttá- og tómsundaráðs Suðurnesjabæjar. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar það fjármagn sem bæjarstjórn ákvarðar við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.

2. grein

Íþróttá- og afrekssjóður Suðurnesjabæjar styrkir landsliðsfólk í þeirra verkefnum á erlendri grundu.

3. grein

Sjóðurinn veitir einungis styrki til íþróttafólks með lögheimili í Suðurnesjabæ.

4. grein

Einungis eftirtalin mót eru styrkhæf:

- Ólympíuleikar
- Heimsmeistaramót
- Evrópumót
- Norðurlandamót
- Alþjóðleg mót, þar sem viðkomandi lið/einstaklingur hefur unnið sér þátttökurétt. Íþróttá- og tómsundaráði er heimilt að veita styrk til fylgdaraðila í þeim tilfellum sem viðkomandi umsækjandi þarf á sérstakri aðstoð að halda t.d. vegna fötlunar sinnar.

5. grein

Allar umsóknir sem berast Íþróttá- og afrekssjóði skulu vera sendar af íþróttafélagi/þjálfara sem sækir um fyrir hönd umsækjandans. Umsóknir verða að vera rétt útfylltar.

6. grein

Styrkupp hæð hverju sinni skal jafngilda upphæð forvarnastyrks einstaklings. Hver einstaklingur hefur heimild til að sækja um styrk úr Íþróttá- og afrekssjóði að hámarki þrisvar sinnum á ári.

7. grein

Deildarstjóra frístundamála er heimilt að afgreiða umsóknir séu ofangreind skilyrði uppfyllt. Leggja skal reglulega fram yfirlit um afgreiðslu umsókna fyrir Íþróttá- og tómsundaráð. Ráðið getur endurmetið styrkveitingar telji ráðið rökstudda ástæðu til.

Samþykkt á 6. fundi Íþróttá- og tómsundaráðs 22. október 2019

Staðfest á 19. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar 4. desember 2019